



NÁMSVÍSIR

4. bekkur

Umsjónarkennarar:

Hrönn Guðmundsdóttir

Sandra Sif Rúnarsdóttir

2025-2026

STAPASKÓLI
Dalsbraut 11, 260 Reykjanesbær

Efnisyfirlit

Almennar upplýsingar	2
Viðmiðunarstundaskrá	2
Stapamix og samþætting námsgreina	2
Læsi fyrir lífið	2
Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir	3
Matsferill	3
Námsmat	3
Íslenska	5
Stærðfræði	7
Samfélagsgreinar	8
Lykilhæfni	11
Náttúrugreinar	13
Enska	15
Hönnun og smíði	16
Heimilisfræði	17
Sjónlistir	18
Textílmennt	19
Skólaíþróttir og sund	20
Upplýsinga- og tæknimennt	22

Almennar upplýsingar

Í Stapaskóla er unnið samkvæmt menntastefnu Reykjaneshæjar. Í henni eru þrjú leiðarljós sem eiga að einkenna allt starf með börnum í Reykjaneshæ. Þau eru :



Viðmiðunarstundaskrá í 4. bekk

Íslenska	8 kennslustundir (40 mín.)
Stærðfræði	6
Samfélags- og náttúrugreinar	3
Enska	2
Stapamix	2
Smiðjur	6
Íþróttir og sund	3
Útikennsla	2

Samtals: 32 tímar á viku

Stapamix og samþætting námsgreina

Námsgreinarnar fléttast oft saman á margvíslegan hátt. Í samfélagsfræði og stærðfræði þjálfast nemendur jafnframt í íslensku þar sem þeir þurfa bæði að lesa og skrifa. Í íslensku kemur fyrir að nemendur beiti stærðfræði. Lífsleikni kemur mikið við í flestum námsgreinum þar sem reynir á samskiptahæfni og tillitssemi. Byrjendalæsi er hugtak yfir samþættingu læsis sem fer fram í flestum námsgreinum. Í Stapaskóla vinnum við einnig þvert á árganga en þá tíma köllum við Stapamix. Í 4. bekk vinnum við Stapamix í samvinnu með 3. bekk.

Læsi fyrir lífið

Læsi fyrir lífið er þróunarverkefni sem felur í sér að efla læsi nemenda á mið- og unglingastigi með fjölbreyttum aðferðum. Aðferðin byggir á að nýta samvirkar læsiskennsluaðferðir og samþætta vinnu með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi. Markmiðið er að efla læsisfærni nemenda ár frá ári og að læsi fléttist inn í allt skólastarf alla daga ársins. Í verkefninu verður lögð áhersla á læsi sem grunn að námi, læsi flæðir yfir allt nám í skólanum og inn í allar námsgreinar. Lögð verður sérstök áhersla á fjóra grunnþætti læsis:

- Lestur og lesskilning
- Lesfimi
- Ritun og miðlun

- Samræðu, tjáningu og hlustun

Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir

Forvarnir og fræðsla gegn kynbundnu og kynferðislegu áreiti og ofbeldi fer fram í öllum árgöngum og er stuðst skýrslu UNESCO. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.

Áherslur 4. bekkjar eru fjölskyldur, vinátta, samskipti, synjun og samningafærni, kyn og æxlunarfæri, örugg notkun upplýsinga og venjur og áhrif jafningja.

Matsferill

Matsferill er safn matstækja sem gefur heildstæða mynd af námslegri stöðu og framförum nemenda á mismunandi stigum skólagöngunnar. Hlutverk Matferils er að nota hann til að fylgjast með námi hvers og eins nemanda til að tryggja að hann fái kennslu og stuðning við hæfi og að veita mikilvægar upplýsingar um stöðu skólakerfisins í heild. Frá og með skólaárinu 2025–2026 verða stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði hluti af Matsferli. Stöðu- og framvindupróf verða skyldubundin í 4., 6. og 9. bekk en hægt er að leggja þau fyrir alla árganga frá 4. til 10. bekk.

Matsferill byggir á hringrás námsmats og kennslu. Niðurstöður eru notaðar til að greina styrkleika og áskoranir nemenda, móta kennsluáætlanir og veita viðeigandi íhlutun. Allar niðurstöður eru skráðar í Frigg gagnagrunninn og tengjast þar öðrum upplýsingum sem varða farsæld og velferð nemenda.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum greinum. Hæfniviðmið eru metin í gegn um verkefni og fær nemandi hæfnitákn fyrir hvert verkefni. Fleiri en eitt hæfniviðmið geta verið metin í hverju verkefni en hæfnitáknið sem nemandi fær fyrir lokið verkefni er heildarmat á öllum hæfniviðmiðum verkefnisins. Í hæfnikortið safnast svo hæfni sem er metin á hverju stigi, en nemandi byrjar með autt hæfnikort í 1., 5. og 8. bekk.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar. Fyrir neðan má sjá almenna skýringu á hverju matsviðmiði.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Í vinnslu:** nemandi hefur hafið verkefni en þarf lengri tíma til að ljúka við það en tímarammi gaf til kynna
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Í vinnslu
	Undanþága

Íslenska

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 1.-4. bekk í sex þætti; Talað mál, hlustun og áhorf, Lestur og lesskilningur, Bókmenntir, Ritun og Mál og málnotkun. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 1.-4.bekk.

FRAMSÖGN beitt skýrum og áheyrilegum framburði.	TJÁNING gert grein fyrir þekkingu sinni sagt frá atburði eða fyrirbæri, tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.	HLUSTUN OG ÁHORF hlustað og horft af athygli á valið efni og greint frá upplifun sinni.	ÁHORF horft og hlustað af athygli á fjölbreytt efni og greint frá upplifun sinni.
LESFIMI beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila.	LESTRARADFERÐIR þekkt og beitt einföldum aðferðum við lestur og tilgreint dæmi um ólíkan tilgang lestrar.	ORÐAFORÐI beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða.	LESTUR OG TÚLKUN BÓKMENNTA unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
SKRIFT OG FRÁGANGUR dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklorð.	STAFSETNING OG GREINARMERKJASETNING beitt einföldum stafsetningarreglum og einföldum reglum við greinarmerkjasetningu.	EINKENNI MÁLSINS þekkt og rætt ýmis einkenni málsins.	FJÖLBREYTT MÁLNOTKUN beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og með orðaforða og málskilningi sem hæfir aldri.

Hæfniviðmið sem kennd eru í 4.bekk.

NÝTING MIÐLA nýtt sér og endursagt efni á stafrænu formi.	LESSKILNINGUR skilið augljós efnisatriði valinna texta, greint og lagt mat á inntak þeirra og dregið einfaldar ályktanir.	LESTRARMENNING valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.	BÓKMENNTAGREINING beitt einföldum bókmenntahugtökum í umfjöllun um bókmenntir.
BÓKMENNTAARFURINN lesið einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda í fortíðinni	LIÓÐ áttað sig á grunneinkennum ljóða og unnið með innihald þeirra.	UPPBYGGING TEXTA búið til setningar og málsgreinar og notað til þess algengar samtengingar.	TEXTATEGUNDIR OG MÁLNOTKUN skrifað ólíkar textategundir og skilur að hverjum texta er ætlað ákveðið hlutverk.
TJÁNING Í TEXTA sett fram eigin hugmynd í texta, metið og lagfært með eða án hjálpargagna.	ORÐFLOKKAR áttað sig á mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.	ORÐTÖK OG MÁLSHÆTTIR leikið sér með margræðni tungumálsins svo sem í gegnum orðtök, einfalda málshætti og föst orðasambönd.	

Kennsluefni og gögn

Fjölbreytt lesefni við hæfi, s.s. bækur af bókasafni, dagblöð og fræðitextar. Verkefni eru gjarnan samþætt við aðrar greinar. Notuð eru fjölbreytt námsspil og stuðst við ýmiss lesskilningsverkefni.

Dæmi um kennslubækur:

- Skrift 1b
- Ritrún 1, 2 og 3
- Lesrún 2
- Litla upplestrarkeppnin (ljóð, sögur og söngur)
- Málfræðihefti
- Stök málfræði
- Skriftar bækur 3, 4 og 5

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru, birtast foreldrum á Mentor.

Nemendur fara þrisvar yfir skólaárið í lesfimipróf, í september, janúar og maí. Lesskilningskönnunin Orðarún er lögð fyrir í október og febrúar. AstonIndex stafsetingarkönnun er fræmkvæmd 2 sinnum á ári. Staðlað próf sem lagt er fyrir alla í 2. – 7. bekk. Prófið er lagt fyrir í nóvember og apríl.

Lesfimiviðmið við lok 4. bekkjar:

- 146 orð eða meira á mín.- mjög góður árangur.
- 121-145 orð á mín. - góður árangur.
- 81-120 orð á mín. - nokkuð góður árangur
- 0 – 80 orð á mín. - nemandi þarfnast aðstoðar.

Kennsluhættir

- Kennsla í málfræði er samofin kennslu í öðrum þáttum móðurmálsins
- Við skipulag lestrarnámsins er tekið mið af þroska og getu nemenda. Hver nemandi fær lesefni við hæfi.
- Lögð er áhersla á aukinn orðaforða og lesskilning með margvíslegum verkefnum tengdum lestrarbókum.
- Lögð er áhersla á upplestur.
- Notuð er bein kennsla bæði með innlögn og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Stærðfræði

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í stærðfræði fyrir 1.-4. bekk í fimm þætti; Vinnulag stærðfræðinnar, Tölur og reikningur, Algebra, Tölfræði og líkindi og Rúmfræði og mælingar. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 1.-4.bekk.

VERKFÆRI OG HLUTBUNDIN GÖGN nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum.	SAMRÆÐUR OG TJÁNING tekið þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnarleiðir.	TÁKNMÁL OG HUGTÖK notað rétt heiti yfir stærðfræðitákni og nýtt þau rétt við útreikninga.	ÞRÓUN AÐFERÐA þróað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með náttúrulegum tölum.
KYNNINGAR undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.	REIKNIHUGSUN OG FORRITUN búið til einföld reiknirit og tjáð þau með því að nota breytur, skilyrði og lykkjur.	RÖÐUN TALNA OG TALNAMENGI raðað náttúrulegum tölum og einföldum brotum eftir stærð.	GRUNNREIKNIAÐGERÐIR nýtt sér grunnreikni- aðgerðirnar fjórar og reiknað með náttúrulegum tölum.
MYNDRIT lesið úr einföldum myndritum.	TÖLFRÆÐIKANNANIR talið, flokkað og skráð, lesið og túlkað niðurstöður og sett upp í einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja.	FJÁRMÁL notað grunnreikni- aðgerðir til að finna lausnir á og takast á við verkefni daglegs lífs og fjármála og skilið verðgildi peninga.	ÞRAUTALAUSNIR nýtt aðferðir og leiðir til að leysa þrautir og rökstutt svör sín.
RANNSÓKNARVINNA unnið, einn og í samvinnu, að lausnum á stærðfræðilegu viðfangsefni með því að kanna, rannsaka og setja fram tilgátur.			

Hæfniviðmið sem kennd eru í 4.bekk.

NÁMUNDUN nýtt sér námundun með heiltölum.	HLUTFÖLL unnið með einföld brot og hlutföll með flatarlíkani, á talnalínu og á brotastriki	FÖLL notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og lýsa sambandi milli stærða	ÓÞEKKTAR STÆRÐIR reiknað með óþekktum stærðum í einföldum tilvikum.
JÖFNUR OG ÓJÖFNUR fundið eina óþekkta stærð í jöfnu með heiltölum og rökstutt lausnir sínar	LÍKINDATILRAUNIR gert einfaldar tilraunir með líkur og sett í samhengi við spil.	TUNGUMÁL notað hugtök úr rúmfræði, til að lýsa hlutum í umhverfi sínu.	VERKFÆRI rannsakað, gert tilraunir og teikningar á einfaldan hátt, t.d. með því að nota rúmfræðiforrit og hlutbundin gögn.

TÍMI OG KLUKKAN
lesið og notað mismunandi framsetningu á tíma, notað skífu- og stafræna klukku og lesið tímatöflur

MÆLIEININGAR
valið viðeigandi mælieiningu fyrir lengd, massa og rúmmál og þekkt tengsl á milli algengra mælieininga metrakerfisins innbyrðis.

MÆLINGAR
áætlað og mælt massa, lengd, rúmmál, tíma og hitastig með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum.

TVÍVÍÐ FORM
áætlað og mælt ummál og flatarmál með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum.

Kennsluefni og gögn

Unnið er með stærðfræðiforrit í tölvum og spjaldtölvum. Nemendur nota ýmiss hjálpargögn eins og brotabúta, námsspil, talnagrindur, vasareiknir og einingakubba.. Kennarar nota einnig annað fjölbreytt efni til að efla hæfni.

Dæmi um kennslubækur:

- Sproti 4a og 4b nemendabók
- Sproti 4a og 4b æfingahefti
- Könnun kortin 2
- Stærðfræði spæjarar 4 – valdar blaðsíður
- Í undirdjúpunum margföldun og deiling

Námsmat

Námsmat byggir á fjölbreyttum matsaðferðum þar sem eftirtaldir þættir eru lagðir til grundvallar: kunnátta, færni, skilningur, frumkvæði, vinnubrögð og frumleiki. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið og eru niðurstöður birtar á Mentor þegar þær liggja fyrir.

Kennsluhættir

- Lögð er áhersla á fjölbreytt vinnubrögð sem gera nemendum kleift að leysa stærðfræðileg viðfangsefni á eigin forsendum sem byggð eru á fyrri reynslu og þekkingu nemenda.
- Nemendur fá tækifæri og leiðbeiningar til að nýta sér hjálpargögn.
- Notuð er bein kennsla bæði með innlögnum og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Samfélagsgreinar

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í samfélagsgreinum fyrir 1.-4. bekk í sex þætti; Vinnulag samfélagsgreina, Sjálfsmýnd, Siðferði og trú, Borgaravitund,

Saga og Jörðin okkar. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir sambættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 1.-4.bekk.

HUGTÖK rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.	GAGNRÝNAR UMRÆÐUR spurt spurninga og tekið þátt í umræðu um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.	SETJA SIG Í SPOR ANNARRA sett sig í spor jafnaldra og fjölskyldumeðlima.	LÝÐRÆÐISLEGT SAMSTARF tekið þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi og innan fjölskyldunnar.
FÉLAGSMÓTUN sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af uppruna, búsetu, fjölskyldu, siðum og venjum.	PARFIR áttað sig á mikilvægi næringar, hvíldar, svefns, hreyfingar og hreinlætis.	TILFINNINGAR áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, tilhlökkun, sorg og reiði.	SJÁLFSPEKKING gert sér og öðrum grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur.
VIRÐING sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu og sagt frá því hvernig það er hægt.	STAÐALMYNDIR fjallað um ólíka einstaklinga og hópa í skóla- og nærsamfélaginu.	HUGARFAR áttað sig á mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig.	VIRÐING FYRIR FJÖLBREYTILEIKA áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og borið virðingu fyrir mismunandi lífs- viðhorfum og siðum.
REGLUR sýnt þekkingu á reglum í samskiptum og útskýrt tilgang þeirra.	SJÁLFBÆR PRÓUN nefnt dæmi um hvernig athafnir okkar hafa afleiðingar til framtíðar.	MANNRÉTTINDI rætt um réttindi sín og skyldur og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	SAMFÉLAGSGERÐ áttað sig á að hver einstaklingur er hluti af stærra samfélagi.

LÝÐRÆÐI bent á dæmi um lýðræðislega þætti í skóla- og nær-samfélaginu.	STJÓRNKERFI sagt frá nokkrum stofnunum samfélagsins.	VELFERÐARSAMFÉLAG áttað sig á mikilvægi samhjálpar í samfélaginu.	SAMNEYSLA þekkt dæmi um grunnþjónustu í samfélaginu.
SLYSAVARNIR varast hættur á heimili sínu, í umferðinni og nærumhverfi.	UMFERÐARREGLUR sagt frá umferðarreglum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og farið eftir þeim.	GETA TIL AÐGERÐA rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra og tekið þátt í samfélagsmálum.	FJÖLSKYLDAN áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
SAMFÉLÖG nefnt dæmi um ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks.	ÁHRIF MANNSINS bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.	ÁBYRGÐ Á NÁTTÚRUVERND gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í umgengni um og vernd náttúrunnar.	

Hæfniviðmið sem kennd eru í 4.bekk.

UPPLÝSINGALÆSI aflað sér upplýsinga um samfélagið úr völdum textum, hljóð- og myndefni og sagt frá efninu.	SKOÐANAMYNDUN greint upplýsingar og ólíkar skoðanir úr völdum heimildum og myndað sér eigin skoðanir.	MIÐLUN miðlað þekkingu sinni og skoðunum tengdum samfélaginu	FJÁRMÁL EINSTAKLINGS áttað sig á kostnaði við eigin neyslu og muninum á þörfum og löngunum
TRÚ OG LÍFSVIÐHORF velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni.	TRÚARBRÖÐ sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.	ÁHRIF TRÚARBRAGÐA áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum	SÖGULEGAR HEIMILDIR áttað sig á að ólíkar heimildir segja ólíka sögu.
SAGA sagt frá völdum persónum, atburðum og tímabilum í sögunni.	SÖGULEG ÞRÓUN komið auga á þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.	ÁHRIF SÖGU Á SAMTÍMANN fjallað um atburði í sögunni í tengslum við samtímann.	AUÐLINDIR nefnt dæmi um hvernig maðurinn nýtir náttúruna til að lifa af.

Kennsluefni og gögn

Kennarar nota fjölbreytt efni til að efla skilning og hæfni. Unnið er með efni í tölvum og spjaldtölvum, námsvefi, spil og leiki.

Dæmi um kennslubækur:

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- Halló heimur 3 (lesbók + vinnubók)

- Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti
- Könnun kortin 2
- Landakortabækur
- Trúarbrögðin okkar
- Uppbyggingarstefnan
- Ýmsir námsvefir

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru, birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- notuð er bein kennsla bæði með innlögð og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Lykilhæfni

Í greinarsviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í Lykilhæfni fyrir 1.-4. bekk í fimm þætti; Tjáning og miðlun, Skapandi og gagnrýnin hugsun, Sjálfstæði og samvinna, Nýting miðla og upplýsinga og Ábyrgð og mat á eigin námi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.


Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 1.-4.bekk.

TJÁNING tjáð tilfinningar og hugmyndir þannig að þær séu skiljanlegar öðrum.	TILLITSSEMI hlustað á aðra, sýnt tillitssemi og haldið sig við umræðuefni.	SAMSKIPTI rætt um áhugamál sín og skoðanir.	ORÐAFORÐI lært og notað ný orð til að ræða ólík viðfangsefni.
SKÖPUN unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt.	LÆRT AF MISTÖKUM lært af mistökum sínum.	GAGNRÝNIN HUGSUN bent á ólík sjónarhorn í fjölbreyttum viðfangsefnum.	SJÁLFSTÆÐI sýnt frumkvæði í verkefnum og beðið um aðstoð eftir þörfum.



Hæfniviðmið sem kennd eru í 4.bekk.



Kennsluefni og gögn

Kennarar nota fjölbreytt efni til að efla skilning og hæfni. Unnið er með efni í tölvum og spjaldtölvum, námsvefi, spil og leiki. Verkefni þessarar námsgreinar eru að mestu samþætt við aðrar greinar.

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur fá leiðsögn og hvatningu á meðan vinnu stendur og fer mat fram á allri verkefnavinnu nemenda. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Notuð er bein kennsla bæði með innlögnum og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinnu, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.

- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Náttúrugreinar

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í náttúrugreinum fyrir 1.-4. bekk í sex þætti; Vinnulag náttúruvísinda, Umhverfið, Lífið, Efnin, Orkan og Alheimurinn. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 1.-4.bekk.

HUGTÖK notað einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu.	LÆSI Á GÖGN OG NÁTTÚRU-VÍSINDATEXTA lesið einfaldan náttúruvísindateksta og endursagt helstu atriði með eigin orðum, skoðað einfaldar myndir og sagt frá efninu.	ATHUGANIR framkvæmt einfaldar athuganir og skráð mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum.	MIÐLUN kynnt niðurstöður einfaldra athugana og tekið þátt í umræðu um efnið.
VÍSINDALEG VINNUBRÖGÐ sett fram spurningar, leitað svara um náttúruleg fyrirbæri og útskýrt valið viðfangsefni.	TENGL VÍSINDA, TÆKNI OG MENNINGAR útskýrt hvernig ákveðin tæki og búnaður geta hjálpað manninum að afla upplýsinga og hafa áhrif á heiminn.	VISTKERFI skoðað og kannað helstu vistkerfi í nærumhverfi sínu.	NÁTTÚRUVERND sagt frá og áttað sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu.
EINSTAKLINGURINN OG UMHVERFIÐ gengið vel um umhverfið og átti sig á mikilvægi þess.	GETA TIL AÐGERÐA komið með hugmyndir að aðgerðum sem tengjast náttúruvernd og tekið þátt í verkefnum í nærumhverfi sínu.	UPPLIFUN AF NÁTTÚRUNNI sagt frá eigin upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.	FLOKKUN OG LÍFSSKILYRÐI LÍFVERA rætt um helstu einkenni lífvera og lífsskilyrði þeirra.
	HEILSA rætt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu, hvíldar og svefns.	KYNHEILBRIGÐI tjáð sig á einfaldan hátt um einkastaði líkamans og borið virðingu fyrir þeim.	

Hæfniviðmið sem kennd eru í 4.bekk.

EÐLI VÍSINDALEGRAR PEKKINGAR rætt hvort tiltekið atriði í samræðu eða texta sé staðreynd eða skoðun í tengslum við náttúruvísindi..	HRINGRÁSIR EFNA OG ORKU nefnt dæmi um samspil lífvera og lífvana þátta	ÖRVERUR gert sér grein fyrir tilvist örvera í umhverfinu sem geta ýmist verið gagnlegar eða skaðlegar.	FRUMUR gert sér grein fyrir að allar lífverur eru gerðar úr frumum
ÞRÓUN áttað sig á að lífverur hafa tekið breytingum frá upphafi lífs á jörðu.	LOTUKERFIÐ bent á algengustu frumefni og efnasambönd.	LEYSNI rannsakað leysni algengra efna á heimilinu.	ORKA framkvæmt og fjallað um athuganir sem tengjast algengustu orkuformum í umhverfi sínu.
NÝTING ORKU nefnt dæmi um uppruna orku og tekið þátt í umræðu um orkusparnað.	RAFMAGN OG RAFRÁSIR sagt frá þróun algengra rafmagnstækja.	MÓTUN LANDS nefnt dæmi um hvernig land verður til og mótast.	HAMFARIR nefnt dæmi um náttúruhamfarir sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð.

Kennsluefni og gögn

Kennarar nota fjölbreytt efni til að efla skilning og hæfni. Unnið er með myndefni í tölvum og spjaldtölvum, ýmis árstíðabundin verkefni, grenndarkennsla og netið.

Dæmi um kennslubækur:

- Halló heimur 3 (lesbók + vinnubók)
- Íslandsbók barnanna, valdir kaflar
- Komdu og skoðaðu eldgos
- Komdu og skoðaðu himingeiminn
- Út fyrir bókina - kortaverkefni
- Verkefni frá kennara (nýsköpun)

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur fá leiðsögn og hvatningu á meðan vinnu standur og fer mat fram á allri verkefnavinnu nemenda. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Notuð er bein kennsla bæði með innlögn og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.

- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Enska

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í erlendum tungumálum á 1.-3. stigi í sex þætti; Hlustun og áhorf, Lestur og lesskilningur, Samskipti, Frásögn, Ritun og Menningarläsi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 1.-4.bekk.

FRÁSAGNIR OG KYNNINGAR
skilið algeng orð, einföld
fyrirmæli og frásagnir og
brugðist við þeim.

FJÖL- OG MYNDMIÐLAR
fylgt meginþræði í einföldu
efni sem höfðar til barna og
unglinga.

GREINING UPPLÝSINGA
hlustað eftir einföldum
upplýsingum og nýtt sér í
námi sínu.

ÓFORMLEGT SAMTAL
spurt og svarað á einfaldan
hátt um það sem stendur
honum næst.

TJÁNING
tjáð sig á einfaldan hátt um
sjálfan sig og líf sitt.

Hæfniviðmið sem kennd eru í 4.bekk.

GREINING AÐALATRÍÐA
fundið afmarkaðar
upplýsingar í einföldum texta
og nýtt sér í verkefnavinnu.

ALMENN SAMSKIPTI
tekist á við aðstæður í
skólastofunni í einföldum
samskiptum.

SAMRÆÐUR
tekið þátt í einföldum
samræðum í skólastofunni.

SAMFELLDUR TEXTI
skrifað einfaldan texta með
orðaforða úr efnisflokkum
sem fengist er við.

MÁLNOTKUN
byggt upp einfaldar
setningar, stafsett algeng orð
og notað algeng
greinarmerki.

PERSÓNULEG REYNSLA
skrifað á einföldu máli um
efni sem hann þekkir vel.

SKAPANDI RITUN
samið stutta texta frá eigin
brjósti.

Kennsluefni og gögn

Kennarar nota fjölbreytt efni til að efla skilning og hæfni. Unnið er með myndefni í tölum og spjaldtölum, og netið.

Dæmi um kennslubækur:

- Yes we can
- Glósubækur

- Námsþpil
- Verkefnahefti

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur fá leiðsögn og hvatningu á meðan vinnu standur og fer mat fram á allri verkefnavinnu nemenda. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Notuð er bein kennsla bæði með innlögn og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Hönnun og smíði

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í hönnun og smíði fyrir 1.-4. bekk í þrjá þætti; Verklag, Sköpun, hönnun og tækni og Menning og umhverfi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 1.-4.bekk.

VERKFÆRI þekkt algengustu verkfæri í trésmíði og útskýrt á einfaldan hátt virkni þeirra.	EFNISVAL þekkt almenn smíðæfni og á einfaldan hátt útskýrt notkun og eiginleika þeirra.	SMÍÐAÆFERÐIR framkvæmt nokkrar æferðir til festinga.	VINNUVERND beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.
VINNUTEIKNING dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.	VINNUFERLI unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.	ORKA OG TÆKNI sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virkniþætti í smíðisgripum, svo sem vogarafl, gorma og teygjur.	TÆKNILÆSI bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast daglegu lífi.
SAMFÉLAG greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.	HUGBÚNAÐUR hannað einfaldan hlut í þrívíðum hugbúnaði.	UMHVERFISVITUND valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.	ENDURNÝTING sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.

MENNING
greint og sagt frá nokkrum
einkennum íslensks
handverks.

Kennsluefni og gögn

Unnið er á skapandi hátt með fjölbreytt smíðaeefni. Verkefnin fela í sér að nemendur kynnast mismunandi verkfærum og smíðaaðferðum.

- Efnið sem nemendur nota eru að mestu leyti krossviður og fura.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Nemendur læra að hanna og skipuleggja vinnuferli. Þeir vinna út frá eigin hugmyndum og teikningum og velja yfirborðsmeðferð sem hentar verkefninu í samstarfi við kennarann.
- Nemendur læra að nota viðeigandi verkfæri sem henta fyrir hvert verkefni.
- Nemendur endurnýta og flokka allt sem á að henda í smíðastofunni.
- Farið er yfir þær slysaðættir sem eru í smíðastofunni, rétt vinnubrögð og réttar vinnustellingar.
- Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð og góða umgengni.

Heimilisfræði

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í heimilisfræði fyrir 1.-4. bekk í þrjá þætti; Verklag, Lífshættir og Menning og umhverfi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið


Hæfniviðmið sem kennd eru í 1.-4.bekk.

MATREIÐSLA
útbúið einfaldar og hollar
máltíðir með aðstoð.


VINNUBRÖGÐ
farið eftir einföldum
uppskriftum og notað til
þess einföld mæli- og
eldhúsáhöld og sinnt
viðeigandi frágangi.

VINNUVERND
gert sér grein fyrir helstu
hættum sem fylgja vinnu í
eldhúsi.

LÍFSHÆTTIR
tjáð sig á einfaldan hátt
um heilbrigða lífshætti.



Hæfniviðmið sem kennd eru í 4.bekk.



Kennsluefni og gögn

Nýtt eru ýmis áhöld og hráefni úr kennslueldhúsi.

Dæmi um kennslubækur:

- Heimilisfræði 4 og efni frá kennara.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Áhersla er lögð á einstaklings- og hópverkefni.
- Nemendur matreiða, baka, framreiða, þrifa og ganga frá.
- Nemendur fá þjálfun í notkun á ýmsum áhöldum við bakstur og matreiðslu.

Sjónlistir

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í sjónlistum fyrir 1.-4. bekk í þrjá þætti; Sköpun, Greining og úrvinnsla og Menning og umhverfi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 1.-4.bekk.

AÐFERÐIR OG EFNI skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni.	ÚTFÆRSLA OG TÆKNI nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.	VINNUFERLI útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.	HUGMYNDAVINNA unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi.
TJÁNING tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.	UMFJÖLLUN OG ENDURGJÖF fjallað um eigin verk og annarra.	GREINING OG SAMHENG greint á einfaldan hátt listaverk og myndmál í því.	AÐFERÐIR OG NÁLGUN greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.

Kennsluefni og gögn

Ýmis áhöld og efni sem nýtast í myndmennt. Náms efni er mismunandi eftir verkefnum. Stuðst er við bækur um myndlist í sögulegu samhengi, bækur um einstaka listamenn, upplýsingar af netinu. Ennfremur er kynning og kennsla á þeirri tækni sem beitt er við myndsköpun.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Áhersla er lögð á einstaklings- og hópverkefni.
- Innlögn verkefna er margvísleg m.a. í formi glærुकynninga, hugstormun og sýnikennslu eftir því sem við á hverju sinni.
- Nemendur fá þjálfun í notkun á ýmsum áhöldum og efnum sem notuð eru við myndsköpun

Textílmennt

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í textílmennt fyrir 1.-4. bekk í þrjá þætti; Verklag, Sköpun, hönnun og tækni og Menning og umhverfi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 1.-4.bekk.

ÁHÖLD notað einfaldar aðferðir og beitt viðeigandi áhöldum.	EFNISVAL unnið úr nokkrum gerðum textílefna.	ÚTFÆRSLA unnið eftir einföldum leiðbeiningum.	VINNUVERND beitt líkamanum rétt við vinnu sína.
HUGMYNDAVINNA tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.	SKÖPUN OG SKREYTING skreytt textílvinnu á einfaldan og skapandi hátt.	HUGTÖK notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.	MIÐLAR nýtt ýmsa miðla til að afla einfaldra hugmynda.
EFNISFRÆÐI fjallað um íslenskt hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.	MERKINGAR gert grein fyrir nokkrum tegundum textílefna.	ENDURNÝTING notað endurunnin efni í textílvinnu.	MENNING greint nokkur einkenni íslensks handverks í textílvinnu.

Kennsluefni og gögn

Ýmis áhöld og efni sem nýtast í textílmennt. Námsefni er mismunandi eftir verkefnum og nýtt eru margs konar textílefni. Ennfremur er kynning og kennsla á þeirri tækni sem beitt er við sköpun textílverka.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Áhersla er lögð á einstaklings- og hópverkefni.
- Unnið er á skapandi hátt með fjölbreytt efni.
- Nemendur fá þjálfun í notkun á ýmsum áhöldum við fjölbreytta textílvinnu.

Skólaíþróttir og sund

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í skólaíþróttum fyrir 1.-4. bekk í þrjá þætti; Líkamsvitund, færni og afkastageta, Félagslegir þættir, Heilsa og heilsuefning, Öryggi og hreinlæti og Sund. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 1.-4.bekk.

PÓL gert æfingar sem reyna á þol í íþróttum,.	STYRKUR gert æfingar sem styrkja hreyfifærni líkamans.	LIÐLEIKI gert almennar liðleikaæfingar.	SAMHÆFING gert hreyfingar sem styðja við samhæfingu hægri og vinstri.
TAKTUR gert einfaldar rytmískar æfingar.	HÓPÍÞRÓTTIR tekið þátt í boltaleikjum og sýnt boltafærni.	EINSTAKLINGSÍÞRÓTTIR tekið þátt í æfingum með áherslu á mótun hreyfiproska.	STÖÐLUÐ PRÓF tekið þátt í stöðluðum prófum.
TILFINNINGAR skilið þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leik.	VIRKNI sýnt virkni og vinnusemi í æfingum og leikjum.	LEIKREGLUR skilið einfaldar leikreglur og tekið þátt í leikjum.	HÁTTVÍSI skilið mikilvægi leikreglna og farið eftir þeim.
MARKMIÐASETNING, ÍÞRÓTTIR sett sér einföld markmið í íþróttum.	MARKMIÐASETNING, HEILSURÆKT sett sér einföld markmið í heilsurækt.	MARKMIÐASETNING HREYFIFÆRNI nýtt sér niðurstöður úr stöðluðum prófum til að vinna að bættri hreyfifærni.	LÍFFRÆÐIÞEKKING þekkt helstu líkamshluta.
ÚTIVISTARBÚNAÐUR skilið gildi viðeigandi fatnaðar og búnaðar til útivistar og notkunar hans.	ÚTIVIST tekið þátt í skipulagðri útivist í náttúrunni og áttað sig á og varast hættur sem fylgt geta.	HEILSUEFLING þekkt hvað felst í heilsueflandi líferni.	HEILSURÆKT tekið þátt í heilsurækt í nærumhverfi.
MÆLINGAR gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum eða æfingum.	VIRKNI tekið þátt í leikjum.	ÖRYGGISREGLUR þekkt til helstu öryggisreglna í skólaíþróttum.	SKYNDIÐHJÁLP gert viðvart ef óhapp verður.

FJÖLBREYTTAR SUNDAÐFERÐIR tekið þátt í fjölbreyttum leikjum í vatni.	HEILSUEFLING notið sín í vatni.	ÞOLSUND gert æfingar sem reyna á þol í 100 metra sundi.	SPRETTSUND gert æfingar sem reyna á loftfirt þol í 8 metra sundi.
BRINGUSUND synt 12 metra bringusund með eða án hjálparkækja.	BAKSUND synt 12 metra skólabaksund og baksund með eða án hjálparkækja.	SKRIÐSUND synt 12 metra skriðsund með eða án hjálparkækja.	KAFSUND synt 5 metra kafsund viðstöðulaust.
	BJÖRGUNARSUND bjargað sér í vatni.	HREINLÆTI skilið mikilvægi hreinlætis í tengslum allar við íþróttir.	

Kennsluefni og gögn

Stór og smá áhöld til sund- og íþróttaiðkunar. Nemendum er skylt að koma með íþrótt- og sundfatnað og handklæði til að fara í sturtu að tíma loknum.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Nemendur fá fræðslu um og tækifæri til markvissrar heilsuræktar og heilsuefningar.
- Lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á mikilvægi markvissrar heilsuræktar og heilsuefningar fyrir líkamlega, andlega og félagslega vellíðan.
- Nemendur fá innsýn, fræðslu og þjálfun í fjölbreyttum íþróttagreinum.
- Áhersla er lögð á að skapa nemendum aðstæður til að þróa með sér seiglu og þrautseigju.

Upplýsinga- og tæknimennt

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í upplýsinga- og tæknimennt fyrir 1.-4. bekk í þrjá þætti; Upplýsinga- og miðlalæsi, Sköpun og miðlun, Stafræn borgaravitund og Lausnaleit. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 1.-4.bekk.

NÝTING SKÓLASAFNS nýtt skólasafn sér til gagns og ánægju,	JAFNVÆGI Í STAFRÆNNI NOTKUN OG VELLÍÐAN beitt góðri líkamsstöðu við notkun stafrænnar tækni og útskýrt muninn á jákvæðum og neikvæðum skjátíma og sagt frá hvernig notkun stafrænna miðla getur haft áhrif á líðan,	VIRÐING Í STAFRÆNU UMHVERFI gert sér grein fyrir mikilvægi þess að leita til fullorðinna ef hætta eða áreiti skapast á netinu,	NOTKUN HUGBÚNAÐAR OG EINFÖLD FORRITUN þekkt ýmsan hugbúnað og tæki og nýtt þau til að leysa einfaldar þrautir.
---	---	--	--

Hæfniviðmið sem kennd eru í 4.bekk.

UPPLÝSINGALEIT leitað að og valið viðeigandi upplýsingar og stafrænt efni,	GREINING OG ÚRVINNSLA GAGNA greint muninn á fræðilegu efni og skáldskap,	HEIMILDANOTKUN þekkt að höfundarréttur gildir um fjölbreytt efni og unnið með heimildir á einfaldan hátt.	KYNNINGAREFNI nýtt hugbúnað við gerð einfaldra kynninga,
RITVINNSLA nýtt hugbúnað við uppsetningu einfaldra ritunarverkefna,	VINNSLA TÖLULEGRA GAGNA nýtt hugbúnað við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum,	NETMIÐLUN nýtt hugbúnað við einfalda netmiðlun.	FRÍÐHELGI OG ÖRYGGI útskýrt á einfaldan hátt hvað persónuupplýsingar eru og hverju má og má ekki deila í stafrænu umhverfi,
STAFRÆNT FÓTSPOR OG AUÐKENNI lýst á einfaldan hátt hugtakinu stafrænt fótspor, skilið hvernig það verður til og hvert sé samspil þess og netnotkunar,	SAMSKIPTAREGLUR, ORÐRÆÐA OG VIRÐING Í STAFRÆNUM SAMSKIPTUM þekkt hugtakið neteineltili og einfaldar reglur í samskiptum og myndbirtingum á netinu og þekkt leiðir til að vernda sig og aðra fyrir neteineltili.	STAFRÆNN STUÐNINGUR nefnt dæmi um einfaldan stafrænan stuðning í námi,	VARÐVEISLA GAGNA gert sér grein fyrir því að í sumum hugbúnaði þarf að vista gögn til að varðveita vinnuna,
TÖLVUR OG SNJALLTÆKI þekkt mismunandi tegundir tölva, snjalltækja og helstu jaðartæki og nýtt til menntunar,			

Kennsluefni og gögn

Upplýsinga- og tæknimennt er þverfaglegt námssvið þar sem nemendur læra að umgangast og nota þann tæknibúnað sem skólinn býr að. Forrit og öpp í upplýsinga- og tæknimennt eru notuð til að dýpka skilning nemenda á viðfangsefnum annarra námsgreina.

Dæmi um námsgögn:

- Osmo
- Beebot
- Active Floor
- Námsforrit í spjaldtölvum

- Námsvefir
- Skólabókasafn

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Á yngra stigi er upplýsinga- og tæknimennt kennd og metin samhliða öðrum námsgreinum.

Kennsluhættir

- Áhersla er lögð á einstaklings- og hópverkefni.
- Fjölbreyttir kennsluhættir m.a. með sýnikennslu stuðla að því að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda.